

Ávarp í Seltjarnarneskirkju 4. desember 2011

Gylfi Magnússon

Í dag er annar sunnudagur í aðventu. Jólin, önnur af tveimur meginhátiðum kristinna manna, nálgast því óðum. Landið okkar er orðið jólalegt, snævi þakið og kalt. Það er vissulega fallett svona, þykir okkur nú.

Líklega hefur forfeðrum okkar fyrr á öldum þó þótt sú fegurð lítils virði. Vetrarskrúði landsins, myrkrið og kuldinn, ís og snjór, var fyrir þeim enn ein birtingarmynd harðrar lífsbaráttu í hrjóstrugu landi. Lífsbaráttan var svo hörð að ekki var hægt að ganga að því sem vísu að menn og skepnur þeirra lifðu veturinn af í baráttu við óblíð náttúruöflin.

Fyrir Kristnitöku héldu norrænir menn vitaskuld ekki upp á jól til að fagna fæðingu Krists. Þeir héldu þó einnig hátíð með því sama nafni á þessum árstíma. Ekki er mikið vitað um þau hátíðahöld nú. Þó er ljóst að þeim þótti, líkt og okkur afkomendum þeirra, ástæða til að lyfta sér upp í svartasta skammdeginu og gera vel við sig í mat og drykk. Þeir fögnuðu því að bjartari tíð var framundan, með hlýrri og lengri dögum, þótt fyrst yrði reyndar að þreyja þorrann og góuna.

Lífsbaráttan er með allt öðrum hætti nú. Að sönnu hafa Íslendingar það misgott en nútíma þægindi, hiti, ljós, rennandi vatn, nægur matur og miklu betri húsakostur en forfeður okkar gat dreymt um bjóðast þó öllum. Við getum eytt myrkrinu og kuldinum sem þjakaði Íslendinga öldum saman á þessum árstíma með því að ýta á rofa eða

snúa krana. Það þykir svo sjálfsagt að við leiðum vart einu sinni hugann að því.

Samt eru þetta ekki ýkja gömul þægindi í sögulegu samhengi. Afar mínir og ömmur, sem öll voru fædd undir lok 19. aldar, lifðu bernskuárin í landi sem var að mestu án alls þessa. Raunar líka án bíla og flugvéla, vegir voru fáir nema nokkrir moldarslóðar, ár að mestu óbrúaðar.

Samt gat fólk verið hamingjusamt við þessar aðstæður. Það gat lifað, elskað, trúað, vonað. Við vitum ekki hvort það var hamingjusamara þá en fólk er nú. Kannski, kannski ekki. Það verður líklega aldrei hægt að skera úr um það.

Vísindin veita ekki svör við öllu en hér koma þau þó að nokkrum notum. Vísindamenn hafa nefnilega á undanförunum árum eytt talsverðum tíma í að hugsa um hamingjuna. Í ljós hefur m.a. komið að það er ekki hlaupið að því að kaupa hamingjuna fyrir peninga. Það þóttust menn auðvitað vita áður. Þetta er hvorki í fyrsta né síðasta sinn sem vísindamenn uppgötva sér til mikillar ánægju það sem almenningur þó vissi fyrir.

Nánar tiltekið hefur verið sýnt fram á að aukið ríkidæmi þjóða eða einstaklinga eykur ekki endilega hamingju þeirra. Það er helst að þeir allra fátækustu verði hamingjusamari við það að veraldlegur auður þeirra eykst og aðgangur að brýnustu nauðþurftum verður greiðari. Það átti án efa við á Íslandi á fyrri hluta 20. aldarinnar þegar tæknin ruddi myrkrinu og kuldanum út úr híbýlum manna. Það gladdi

aldamótakynslóðina sem fæddist fyrir rúmri öld og gerbreytti lífskjörum hennar.

Kynslóðirnar sem fæddust í lok 20. aldar eða í upphafi þessarar láta sér hins vegar líklega fátt um finnast. Vísindamenn þykjast hafa skýringu á því. Ánægja með veraldlegan auð fer að miklu leyti eftir væntingum. Þeir sem vænta mikils verða ekki sáttir við lítið – en þeir sem vænta einskis verða litlu fegnir.

Veraldlegar væntingar fara sífellt vaxandi. Kynslóðin, sem oft er kennd við aldamótin 1900, vænti sáralítils á nútíma mælikvarða, bjóst líklega við litlu meiru en kynslóðirnar á undan allt frá landnámi. Þau bjuggust við erfiðri lífsbaráttu. Sigur í þeirri baráttu var fyrst og fremst fólgin í því að lifa af nógu lengi til að koma börnum á legg.

Öld síðar eru væntingarnar allt aðrar og miklu, miklu meiri. Maðurinn hefur vanist sífellt meiru og verður vonsvikinn gangi það ekki eftir. Þess vegna tölum við um kreppu þegar við færumst einu eða tveimur skrefum aftar í lífsgæðakapphlaupinu – sama hversu langt við vorum komin í því áður. Þess vegna er líka lífsgæðakapphlaupið endalaust – endamarkið færast einu skrefi fjær með hverju skrefi sem við tökum í átt að því. Það er alltaf jafnfjarlæggt.

Hér hafa vísindin aftur komist að niðurstöðu, sem þekkt hefur verið öldum saman; *nægjusemi er dyggð* og lykill lífshamingju. Það hefur kirkjan vitaskuld kennt frá upphafi.

Aftur að jólunum. Á þessum árstíma fögnuðu forfeður okkar, sem fyrr segir, hækkandi sól. Það er ekkert að því að við gerum það líka, bæði í eiginlegri og óeiginlegri merkingu.

Dagana fer brátt að lengja hér á norðurhveli jarðar, gangur jarðar um sólu er fyrirsjáanlegur. Gangur hagkerfisins er ekki jafnfyrirsjáanlegur en einnig þar virðast hlutirnir á Íslandi vera að færast smám saman í þá átt sem menn hafa vonað, þótt mörgum þyki hægt ganga og vilji helst ekki þreyja þorra og góu hagkerfisins til viðbótar við erfiðleika undanfarinna missera.

Það er þó auðvitað ekki boðskapur jólanna, a.m.k. ekki sá sem mestu skiptir. Jólin eiga ekki heldur að snúast um gjafir eða skreytingar. Spjaldtölvurnar sem einhver spáði að yrðu aðaljólagjöfin í ár verða allar orðnar úreltar og einskis virði innan skamms.

Jól verða einungis gleðileg takist að laða fram gott mannlíf. Samverustundir, hlýhug, umhyggju, frændrækni, kærleika. Hamingjuvísindamennirnir sem mér hefur orðið tíðrætt um hafa m.a. komist að þeirri niðurstöðu að mönnum líði best njóti þeir góðra samskipta við annað fólk. Það er lykill að lífshamingju, líkt og nægjusemin.

Enn hafa vísindin hér sýnt fram á það sem almenningur hefur vitað, líklega frá örófi alda. *Maður er manns gaman*, segir í Hávamálum, sem eru frá því fyrir landnám á Íslandi.

Gott mannlíf hefur þannig tilgang í sjálfu sér, líkt og raunar lífið sjálft. Líf kviknar af lífi. Góðar manneskjur búa til gott mannlíf. Gott mannlíf býr til gott samfélag þar sem fólki líður vel.

Ég kynntist öfum mínum og ömmum misvel, enda aldursmunurinn mikill, um eða yfir sjötíu ár. Best kynntist ég annarri ömmu minni, sem lifði fram á tíræðisaldur. Hún var m.a. organisti um skamma hríð og kirkjувörður árum saman. Kirkjan og trúin skipti hana miklu. Það gaf henni mikið. Heilbrigt trúarlíf getur verið enn einn lykill lífshamingjunnar.

Allir þurftu þessir forfeður mínir að takast á við margvíslega erfiðleika á lífsleiðinni, suma ansi þungbæra. Öll skiluðu þau þó sínu með sóma.

Þeirra kynslóð skilaði til næstu kynslóðar, kynslóðar foreldra minna, góðu búi. Þau skiluðu góðu samfélagi, með lýðræðishefðum og virðingu fyrir mannréttindum, góðu mannlífi, meiri þekkingu og miklu betri veraldlegum lífskjörum en þau höfðu sjálf fengið í arf. Það gerði einnig kynslóð foreldra minna.

Það er ekkert því til fyrirstöðu að það muni mín kynslóð líka gera í fyllingu tímans. Þá höfum við gert það sem okkur ber í hinni endalausum keðju kynslóðanna.

Þá höfum við, svo að notuð sé samlíking úr ljóði Tómasar Guðmundssonar, sem við heyrðum svo fallega flutt hér í kirkjunni í síðasta mánuði, skilað Hótel Jörð vel af okkur en um leið notið hins undarlega ferðalags.